

KIRKJUGARÐARÁÐ

153 fundur haldinn mánudaginn 11. september 2018

Á Löngumýri í Skagafirði.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Fundur var settur kl. 9:00.

1. **Fundur settur og fundargerðir síðustu funda lagðar fram og samþykkt.**

Fundargerðir lagðar fram og samþykktar.

2. **Hinn forni Víkurkirkjugarður – staða mála.**

Kristín Huld gerði grein fyrir því að Reykjavíkurborg hefði heimilað eitt og annað um sumarið í óþökk Minjastofnunar og án þess að erindi kæmi inn á borð stofnunarinnar. Átti það m.a. við um athafnasvæði fyrir framkvæmdaaðila, en um 30% var tekið af lóð Víkurgarðs undir gámasvæði og var girt af fyrir framkvæmdaaðila. Minjastofnun hefur ítrekað sent erindi til Reykjavíkurborgar og gert athugasemdir við bílaumferð inni í Víkurgarði. Stofnunin hefur ákveðið að senda tillögu um friðlýsingu garðsins til mennta- og menningarmálaráðherra. Stærð svæðisins miðast við hvort grafir reynast inn á byggingarlóð Lindarvatns.

3. **Erindi vegna Fellskirkjugarðs í Kollafirði.**

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir erindinu. Borist hafði erindi frá Gísla Gunnlaugssyni byggingarfulltrúa Strandarbyggðar þar sem hann óskaði eftir upplýsingum um hvaða reglur gilda um aðgengi aðstandenda um aflagða kirkjugarða. Honum hafði borist kvörtun frá fólki sem vitjaði leiðis í Fellskirkjugarði í Kollafirði og hafði lent í því að vera meinaður aðgangur að leiðinu án eftirlits. Eigandinn hafði girt kringum kirkjugarðinn að fullu og lokað honum. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið með Minjastofnun Íslands og lögfræðingi og fara í gegnum hvaða lög séu í gildi varðandi almennt aðgengi að kirkjugörðum og grafreitum bæði þeim sem eru í notkun og einnig niðurlögðum.

4. **Ákvörðun um fundardaga og fundartíma í vetur.**

Annar fimmtudagur í hverjum mánuði kl: 14:00 þ.e. 11. október, 8. nóvember, 13. desember, 14. febrúar, 14. mars, 11. apríl, 9. maí og 13. júní.

5. **Önnur mál.**

Engin.

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 11:05.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari